

þingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þess, að hann hafi haft holdlegar samfarir við barnsmóður, Y, frá og með 1. júní 1944 og til 1. ágúst 1944, skal hann vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, enda greiði stefnandi honum þá kr. 1000.00 í málskostnað.

Fallist kærði á eiðnum, skal hann teljast faðir meybarns þess, er Y ól hinn 13. apríl 1945, enda greiði hann þá meðlag með barninu frá 24. apríl 1951 eftir úrskurði yfirvalds og kr.282.00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 31. janúar 1958.

Nr. 88/1957. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**  
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Lárusi Guðmundi Guðmundssyni**  
**og gagnsök (Baldvin Jónsson hrl.).**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1957. Hann krefst aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, en til vara lækkunar dæmdra fjárhæða og að hvorum aðilja verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem fengið hefur gjafsókn hér fyrir dómi, hefur áfrýjað málinu með stefnu 27. maí 1957. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 163.369.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 12. október 1953 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Eigi er í ljós leitt, að vinnuveitenda þeim, sem hlut átti að máli, verði vegna aðgæzluskorts eða vanbúnaðar á vinnustað gefin nokkur sök á slysi gagnáfrýjanda. Verður aðaláfrýjanda því dæmd sýkna.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

#### Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Lárusar Guðmundar Guðmundssonar, í máli þessu.

Hvor aðilja beri kostnað sinn af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningslaun talsmanns gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti, Baldvins Jónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 4000.00, greiðist úr ríkissjóði.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. marz 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. þ. m., hefur Lárus G. Guðmundsson, Höfðakaupstað, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 10. febrúar 1956, gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 163.369.00, auk 6% ársvaxta frá 12. október 1953 til greiðsludags og málskostnaðar eftir mati dómars.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara, að fébótaábyrgð á síðargreindu slysi verði skipt.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 12. október 1953 varð stefnandi fyrir því slysi, er hann var að starfi hjá Hamilton Smith Beck Companies á Keflavíkurflugvelli, að hann féll niður af timburstafla og hlaut við það allmikil meiðsli á vinstri öxl.

Stefnandi skýrir svo frá, að timburstafla þessi hafi verið rúmur meter á hæð og hafi timbrið í honum verið plægð borð, ætluð til klæðningar. Timbrið hafi verið í búntum og upphaflega hafi staflinn saman staðið af 4 búntum, þannig að tvö búnt

hafi verið í breidd staflans og tvö í hæðinni. Í umrætt sinn hafi neðri búntin tvö verið óhreyfð, en búíð hafi verið að taka mikið úr báðum efri búntunum. Stefnandi kveðst hafa staðið hálfboginn uppi á staflanum og verið að velja úr honum borð, en hann hafi haft þann hátt á að fara upp á staflann í því skyni, enda hafi sér fundizt það hægast. Daginn áður hafði rignt, en kuldi verið um nóttina. Hafi timburstaflinn því verið hélaður og háll mjög. Kveðst stefnandi hafa runnið til og fallið út af staflanum og komið niður á vinstri öxl og handlegg. Stefnandi kveður stundum sérstakan mann hafa verið uppi á staflanum til þess að rétta borðin niður, en einnig hafi verið algengt, að menn gerðu þetta hver fyrir sig og svo hafi verið í umrætt sinn.

Vitnið Sveinn Gíslason, samstarfsmaður stefnanda, kveðst hafa séð, er hann féll niður af staflanum. Skýrir vitnið svo frá, að þar eð búntunum í staflanum hafi verið staflað mishátt, hafi verið óhjákvæmilegt að fara upp á staflann til að ná einstökum borðum úr búntunum, en sá háttur hafi verið á hafður að klára hvert búnt, áður en byrjað var að taka úr því næsta.

Vitnið Bjarni Guðjón Guðmundsson, er var verkstjóri stefnanda, hefur komið fyrir dóm í málinu. Skýrir vitni þetta svo frá, að það hafi ekki verið sjónarvottur að slysinu og hafi ekki frétt um það, fyrr en 2 til 3 dögum eftir að það skeði, er stefnandi skýrði því frá því. Vitnið kveður búntin í timburstafla þeim, er stefnandi féll niður af, hafa verið bundin saman með járnum. Hafi 80 borð verið í hverju búnti, en borðin hafi verið 6" breið, 14—16 fet á lengd og  $\frac{3}{4}$ " á þykkt. Hvert búnt hafi verið um 75 cm á hæð. Kveðst vitnið ekki muna, hve mörg búnt voru í hæð staflans, er um ræðir, en venjulega hafi þau verið tvö og tvö í breiddinni. Til þess að ná borðum úr efra búnti, hafi þurft að standa uppi á neðra búntinu. Kveðst vitnið ekki hafa gefið sérstök fyrirmæli um, að þannig skyldi farið að, en þetta hafi verið bezta aðferðin. Sá háttur hafi venjulega verið hafður á, að sérstakur maður stæði uppi á búntunum og rétti borðin niður. Hins vegar hafi verið algengt, að menn færu einn og einn upp á búntin til þess að ná í borð, ef svo bar undir.

Kröfur sínar í málinu reisir stefnandi á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er af slysinu hlaut, samkvæmt ákvæðum laga nr. 110 frá 1951 og fylgiskjala með þeim lögum.

Stefndi, sem ekki véfengir aðild sína að málinu, verði talið, að um fébótaskyld slys sé að ræða, reisir sýknukröfuna í fyrsta

lagi á því, að stefnandi hafi farið upp á umræddan timburstafla að nauðsynjalausu. Í annan stað er sýknukrafan á því byggð, að fall stefnanda niður af staflanum megi rekja til ógætni hans. Að minnsta kosti megi líta svo á, að slysið sé að nokkru leyti sök stefnanda sjálfs, og er varakrafan um skiptingu tjónsins á því byggð.

Það er óvæfengt, að stefnandi hafi hlotið meiðsli þau, sem krafizt er bóta fyrir í málinu, við það að falla niður af umræddum timburstafla svo og, að yfirborð staflans hafi verið hált, svo sem stefnandi staðhafir. Þá er leitt í ljós, að nauðsyn bar til, að farið væri upp á staflann til þess að velja borð úr efri búntunum svo og, að því verki hafi ýmist verið hagað svo, að menn gerðu þetta sjálfir, hver fyrir sig, eða að sérstakur maður stæði uppi á staflanum og rétti borðin niður. Að svo vöxnu máli verður ekki fallizt á það með stefnda, að stefnandi hafi verið uppi á staflanum að nauðsynjalausu, er hann féll niður. Eigi er heldur í ljós leitt, að sú málsástæða stefnda hafi við rök að styðjast, að stefnandi hafi fallið niður af staflanum vegna ógætni sinnar. Á hinn bóginn þykir hafa á það skort, að gætt væri þess öryggis, sem kostur var, þar sem svo var frá timbrinu gengið, sem að framan er lýst, en sjá mátti fyrir nokkra hættu af því, að menn færu upp á timburstaflann til þess að sækja borð. Má rekja orsakir slyssins til þessarar ófullnægjandi öryggisgæzlu á vinnustað og óhappatilviljunar.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir rétt að stefndi, sem kemur hér í stað atvinnurekandans, beri fébótaábyrgð að hálfu á tjóni því, er stefnandi beið.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

- |  |                |
|--|----------------|
| 1. Örorkubætur .....                     | kr. 133.369.00 |
| 2. Þjáningabætur og læknskostnaður ..... | — 30.000.00    |

---

Samtals kr. 163.369.00

Um 1.

Stefnandi kveðst hafa komið mjög illa niður í fallinu og fundið til allmikils sársauka á eftir. Sársaukinn hafi þó brátt liðið frá að mestu, en honum hafi fundizt hann vera óeðlilega dofinn. Ekki fór stefnandi til lækni þá um daginn, en lagðist rúmfastur strax og hann kom heim um kvöldið. Kveður hann verkinn í vinstri öxl og handlegg hafa aukizt til muna, er hann hafi legið nokkra stund og varð það úr, að stefnandi leitaði til Péturs Thoroddsens, lækni í Keflavík, þá um kvöldið.

Hinn 2. febrúar 1954 var stefnandi skoðaður af Jóni Hannes-syni, lækni á Keflavíkurflugvelli. Í vottorði læknis þessa, dagsettu 11. s. m., segir á þessa leið:

„.... Sjúkl. var óvinnufær næstu 8 daga .... Sjl. kveðst aldrei hafa náð sér til fulls á handlegg og öxl eftir þetta og tæpl. verið vinnufær. Við skoðun þn 2. febr. '54 er: Ekkert athv. að sjá á v. öxl eða handlegg. Greinil. eymsli eru yfir v. öxl. M. trapezius sin er spenntur og aumur. Hreyfingar í liðnum eru takmarkaðar, eink. abduction og rotation í b. áttir.

Rgtm. frá 3 febr. sl. var negativ.“

Í apríl 1955 var stefnandi skoðaður af Bergþóri Smára lækni, sem jafnframt mat örorku hans vegna slyssins. Í vottorði læknisins, dagsettu 25. s. m., segir á þessa leið:

„.... Kom í ljós, að slasaði hafði bólgu í kringum axlarliðinn (periarthr. humero-scapularis), og var margt reynt í lækn-ingaskyni, en án árangurs, því að slasaði hefur verið frá vinnu alltaf öðru hverju síðan slysið varð, sökum verkja í vinstri öxl og vinstri handlegg. Þolir mjög illa erfiða vinnu. Slasaða finnst ástand sitt ekki hafa breytt neitt í langan tíma.

Skoðun (í apríl '55): Vinstri handlimur (örvhentur): Hreyfingar í axlarliðnum eru nokkuð hindraðar, einkum fráfærsla og hreyfing aftur á við. Talsverð tilkenning er kringum liðinn við átöku og hreyfingu. Kraftur í hönd og handlegg virðist nokkuð minnkaður.

Röntgenmynd af vinstri öxl, tekin í Landspítalanum 12. apríl '55, sýnir lítilsháttar kölkun í liðnum. Niðurstaða: Ekki liggur annað fyrir en að slasaði hafi verið fullvinnandi og óþægindalaus fyrir slysið, og verður því að telja nefnd óþægindi afleiðingu þess. Þykir hæfilega áætlað, að slasaði hafi misst um þriðjung starfsorku sinnar. Telst því varanleg örorka hans af völdum nefnds slyss hæfilega metin: 35%.“

Um ári eftir að framangreint örorkumat var framkvæmt, var stefnandi aftur skoðaður af Bergþóri lækni Smára. Í vottorði læknisins um þá skoðun, dagsettu 20. apríl 1956, segir á þessa leið:

„Slasaði er ekki frá því, að hann sé eitthvað skárri í öxlinni en hann var, er örorkumat fór fram 25. apríl 1955, en við skoðun kemur í ljós, að ekki er um neina verulega breytingu að ræða frá því, sem var þá, og er því enginn grundvöllur fyrir breytingu á örorkumatinu ....“

Stefnandi er talinn fæddur 7. október 1896 og hefur því verið

57 ára gamall, er hann slasaðist. Hann er kvæntur, en ekki er vitað, að hann hafi börn á framfæri sínu.

Samkvæmt staðfestum afritum af skattframtölum stefnanda voru atvinnutekjur hans næstu árin fyrir og eftir slysið þessar: Árið 1952 kr. 8.694.68, auk launa greiddra í hlunnindum, kr. 640.00; árið 1953 kr. 38.736.00; árið 1954 kr. 37.500.00 og árið 1955 kr. 37.239.51.

Stefnandi kveður trésmíði hafa verið aðalatvinnu sína um áratugi og að þeirri iðngrein starfaði hann, er hann slasaðist. Á hinn bóginn hefur hann ekki trésmíðaréttindi. Kveðst stefnandi m. a. hafa staðið fyrir byggingu þriggja íbúðarhúsa í Höfðakaupstað, þar sem hann mun eiga lögheimili. Þá liggur frammi í málinu vottorð þess efnis, að stefnandi hafi á árunum 1942—43 starfað sem fullgildur trésmíður við byggingu verksmiðjuhúss eins hér í bænum.

Hinn 4. júní 1955 reiknaði Guðjón Hansen tryggingafræðingur út áætlað atvinnutjón stefnanda, miðað við slyssdag og framangreinda örorku. Hefur tryggingafræðingurinn við útreikning þenna haft við að styðjast tekjur stefnanda árin 1952 og 1953. Getur hann þess, að sér virðist framtal tekna ársins 1952 bera með sér, að vart sé hægt að reikna fjárhagstjón stefnanda vegna örorkunnar á grundvelli þess, enda sé alkunna, að launþegar í kaптúnunum starfi jöfnum höndum við eigin garðrækt, búskap eða fasteignir. Virðist honum því, að svo verði að líta á, að stefnandi hafi skipt um starfsgrein, er hann hóf starf sem trésmíður á Keflavíkurflugvelli. Reiknar tryggingafræðingurinn síðan atvinnutjónið út með tvennu móti: annars vegar á grundvelli launa trésmíðasveins og hins vegar á grundvelli atvinnutekna stefnanda á árinu 1953. Í fyrra tilvikinu reiknast honum verðmæti tapaðra atvinnutekna nema kr. 133.369.00, en það er sú fjárhæð, sem krafizt er undir þessum kröfulið. Í síðara tilvikinu reiknast honum tapaðar atvinnutekjur stefnanda aftur á móti nema kr. 117.269.00.

Útreikningur þessi er miðaður við 4% ársvexti. Að tilhlutun dómars reiknaði sami tryggingafræðingur út verðmæti tapaðra atvinnutekna stefnanda á sömum forsendum og áður, en miðað við 6% vexti p. a. Er sá útreikningur dagsettur 10. febrúar 1957. Reiknast honum verðmæti tapaðra atvinnutekna með því móti nema kr. 128.262.00, miðað við kaup sveins í trésmíði, en kr. 112.779.00, sé miðað við atvinnutekjur stefnanda árið 1953. Ef á hinn bóginn tillit er tekið til kauplagsbreytinga frá

slyssdegi til 4. júní 1955, er fyrri útreikningurinn var gerður, og reiknað með 6% vöxtum p. a., reiknast tryggingafræðingnum, að fyrri talan eigi að hækka í kr. 142.917.00, en sú síðari í kr. 125.644.00.

Af hendi stefnda hefur því sérstaklega verið mótmælt, að við útreikning á örorkutjóni stefnanda sé miðað við kaup trésmiða. Þá er þess krafizt, að til frádráttar bótum til stefnanda samkvæmt þessum lið komi greiðslur, er hann hafi fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, svo og einnar viku kaup, er hann hafi fengið greitt eftir slysið.

Svo sem fyrr greinir, hefur stefnandi ekki trésmiðaréttindi. Þykir því ekki fært gegn mótmælum stefnda að leggja útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar að því leyti, sem hann er byggður á kaupi trésmiða. Á hinn bóginn er ekki annað komið fram í málinu en stefnandi hafi starfað að þeirri iðngrein um árabíl. Verður höfð hliðsjón af því við ákvörðun bóta til hans samkvæmt þessum lið.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, þykir hæfilegt að áætla tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 90.000.00. Hafa þá verið dregnar frá slysabætur, sem hann hefur fengið frá Tryggingastofnun ríkisins upp í tjón sitt, en þær nema kr. 26.957.00 og eru fullnaðargreiðsla.

Um 2.

Stefndi hefur mótmælt kröfulið þessum sem allt of háum.

Stefnandi hefur engin gögn lagt fram fyrir útlögðum lækniskostnaði. Koma því einungis til álita hér bætur fyrir þjáningar. Þegar virt er sjúkrasaga stefnanda, sem rakin hefur verið hér að framan eftir föngum, svo og meiðsli þau, er hann hlaut, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 12.000.00.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða þá þau, að krafa stefnanda verður tekin til greina með kr. 51.000.00 ( $\frac{1}{2}$  af kr. 90.000.00 plús kr. 12.000.00). Frá þeirri fjárhæð ber að draga einnar viku kaup, sem leitt er í ljós, að stefnandi fékk greitt frá atvinnurekanda sínum fyrstu vikuna eftir slysið. Þrátt fyrir ábendingu dómarans, hafa lögmenn aðilja ekki hirt um að afla upplýsinga um það, hverri fjárhæð kaup þetta nam nákvæmlega, en stefnandi kveður það hafa numið um kr. 1.000.00, og er það ekki véfengt. Að svo vöxnu máli þykir rétt að draga kr. 1000.00 frá fyrrnefndri fjárhæð, kr. 51.000.00. Mismuninn, kr. 50.000.00, verður stefndi dæmdur til að greiða ásamt vöxtum, svo sem krafizt er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 5.500.00. Er þar með talinn útlagður kostnaður hans af málinu samkvæmt framlögðum reikningum, samtals að fjárhæð kr. 567.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm.

Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnanda, Lárusi G. Guðmundssyni, kr. 50.000.00 auk 6% ársvaxta frá 12. október 1953 til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. janúar 1958.

Nr. 59/1957. Tyrfingur Tyrfingsson

(Vilhjálmur Jónsson hrl.)

gegn

Hallgrími Péturssyni (Ragnar Jónsson hrl.).

og gagnsök

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. marz 1957. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar. Til vara krefst hann þess, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í héraði felldur niður, en að honum verði dæmdur málskostnaður í Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 15. maí 1957. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 32.804.35 ásamt 6% ársvöxtum frá 18.